

Fundargerð 85. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2025, miðvikudaginn 19. mars kl. 17:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í húsnæði Hafrannsóknarstofnunnar..

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir.

Gerður Björk Sveinsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrússon boðuðu forföll.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Samráð með Hafrannsóknarstofnun - 2410001SU

Þorsteinn Sigurðsson, forstjóri Hafrannsóknarstofnunnar, tók á móti stjórn samtakanna í húsnæði Hafrannsóknarstofnunnar. Byrjaði hann á að sýna stjórn glæsilegt húsnæði stofnunnar. Í framhaldinu hélt hann kynningu á starfsemi Hafrannsóknarstofnunnar. Í lok kynningarinnar þakkaði stjórn Þorsteini kærlega fyrir góða og gagnlega kynningu.

2. Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um strandveiðar - óskað umsagnar - 2503001SU

Lögð fram drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um strandveiðar. Stjórn samþykkti samhljóða eftirfarandi bókun:

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsir yfir áhyggjum af því að ekki hefur komið fram hjá stjórnvöldum hvernig standa eigi að því að auka kvóta til strandveiða til að ná að tryggja 48 daga strandveiðar. Það mun hafa mikil en ólík áhrif á sjávarútvegssveitarfélög eftir því hvaðan aukin kvóti í strandveiðar verður fengin, þ.e.a.s. úr almenna kerfinu eða byggðakvótakerfum. Er því hvatt til þess að ef farið verði í breytingar verði horft til áhrifa á sveitarfélög. Einnig verði önnur markmið ríkisstjórnarinnar í atvinnu- og byggðamálum höfð í huga en samkvæmt ríkisstjórnarsáttmálanum er stefnt að sjálbærum vexti atvinnugreina og aukinni framleiðni, ýta undir vöxt og verðmætasköpun í matvælaframleiðslu og treysta stöðir hinna dreifðu byggða.

3. Breyting á lögum um skipulag haf- og strandsvæða og skipulagslögum (svæðisráð o.fl.). - óskað umsagnar - 2503002SU

Lögð fram umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða og skipulagslögum (svæðisráð o.fl.).

Formanni og starfsmanni falið að útbúa umsögn m.v. umræður á fundinum og skil inn til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Fundi var slitið kl. 19:05